



NEYTENDASTOFA

Alþingi  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
101 Reykjavík

Reykjavík, 19.04.2006  
Tilv. 2005/0738 - 0.0.1  
TA

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, 620. mál.**


Neytendastofa þakkar beiðni um að veita umsögn um frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, sbr. þingmál nr. 620.


Frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn er lagt fram til þess að tryggja lagalegan grundvöll fyrir innleiðingu á tilskipun 2004/22/EB um mælitæki sem skylt er samkvæmt ákvæðum EES-samningsins að leiða í íslenskan rétt eigi síðar en 30. apríl 2006. Jafnframt er tilgangur með frumvarpi þessu að treysta þann lagagrundvöll sem starfsemi mælifræðisviðs Neytendastofu byggir á. Í frumvarpinu er því að finna ýmis mikilvæg ákvæði um stjórnarsýsluhlutverk stofnunarinnar á sviði mælifræði. Í frumvarpinu er einnig gerð tillaga um að fjármögnun þeirrar opinberu stjórnarsýslu sem fram fer á sviði mælifræði verði tryggð með mörkuðum tekjustofnum svo og sértekjum í stað beinna framlaga úr ríkissjóði. Sú tilhögun er í samræmi við markaða stefnu Alþingis stjórnvalda og að þeir aðilar sem eru undir eftirliti skulu bera þann kostnað sem fellur á opinberar stofnanir vegna lögbundins eftirlits þegar það er unnt.

Neytendastofa og sérfræðingar hennar hafa komið að undirbúningi þessa þingmáls á ýmsum vinnslustigum þess og telur því ekki ástæðu vera til að gera neinar efnislegar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Loks vill Neytendastofa senda allri þingnefndinni meðfylgjandi eintak af „Ágrip af mælifræði“ sem stofnunin var að gefa út en ágrip þetta gefur gott yfirlit um þýðingu og viðfangsefni mælifræðinnar hér á landi og alþjóðlega.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
forstjóri

  
Gísli Friðgeirsson  
sérfræðingur mælifræðisviði